

# Afleiðingar þegar farið er yfir þolmörk í Skólaíþróttum

Sandgerðisskóli
vöxtur - virðing - vilji - vinátta

## 1

**Kennari ræðir við nemandann.**

Kennari/starfsmaður fer til nemenda og spyr hvort hann sé tilbúinn að taka þátt, hlusta og fylgja fyrirmælum:

Muna:
10% eru orðin sem þú velur,
35% er tónn raddarinnar,
55% er líkamstjáning.

## 2

**Nemanda er vísað úr tíma, kennari hefur samband heim og skráir atvikið í Mentor.**

Þegar nemanda er vísað úr tíma fylgir starfsmaður honum upp til ritara og umsjónarkennari og stjórnandi látinn vita.

## 3

**Nemanda er vísað úr tíma og mætir ekki í næsta tíma í skólaíþróttum.**

Kennari hefur samband heim og atvikið skráð í Mentor. Nemandinn er í öðru rými næsta íþróttatíma með starfsmanni. Umsjónarkennari og stjórnendur upplýstir.



## 4

**Nemanda er vísað úr tíma og mætir ekki í skólaíþróttir næstu vikuna.**

**Kennari hefur samband heim og atvikið skráð í Mentor.**

**Umsjónarkennari og stjórnendur upplýstir.**

**Nemandinn er með starfsmanni í öðru rými á meðan skólaíþróttir eru og lærir í bóklegum fögum.**

Kennari/stjórnandi hefur samband heim og atvikið skráð í Mentor.
Umsjónarkennari og stjórnendur upplýstir.
Foreldrar/forráðamenn boðaðir á fund með stjórnanda og kennara og upplýstir um næstu skref.

**Spurningar sem geta gagnast við 30 sekúndna inngrip:**

**Er í lagi að gera það sem þú ert að gera núna?**
**Hvert er þitt hlutverk núna?**

**Hvenær ertu reiðubúinn að byrja?**

**Hvað get ég gert til að hjálpa þér að...?**

**Hver er reglan? Getur þú gert það?**

**Hvað átt þú að vera að gera?**

**Það lítur út fyrir að þú eigir í vandræðum. Hvernig get ég hjálpað þér að leysa úr því?**

**Getur þú fundið betri leið?**

**Hvernig get ég hjálpað?**

**Er það sem þú ert að gera núna gott eða slæmt fyrir kennslustundina?**

## 5

**Nemandinn fer í einstaklingstíma í skólaíþróttum þar til hann og kennari telja hann tilbúinn að vera í bekkjartímum í skólaíþróttum.**

**Ef nemandinn fer ítrekað yfir þolmörkin er máli nemandans vísað í nemendaverndarráð.**

Kennari/stjórnandi hefur samband heim og atvikið skráð í Mentor.
Umsjónarkennari og stjórnendur upplýstir.